



## BARNAVERNDARSTOFA

Alþingi, nefndasvið  
Austurstræti 8 - 10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 5. nóvember 2019  
Tilvísun: 2019010031/33

### **Efni: Umsögn Barnaverndarstofu um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, 116. mál.**

Barnaverndarstofa vísar til erindis nefndasviðs Alþingis, dags. 11. október 2019, þar sem stofunni var gefið tækifæri á að gefa allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis umsögn um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál. Þakkar Barnaverndarstofa fyrir að fá tækifæri til þess að tjá sig um tillöguna.

Í framangreindri tillögu er lagt til að móta verklag um miðlun upplýsinga um heimilisofbeldismál milli kerfa félagsþjónustu sveitarfélaga, heilbrigðisstofnana, skóla og lögregluembætta. Lagt er til að starfshópnum verði falið að móta tillögur um rýmri lagaheimildir til miðlunar upplýsinga um heimilisofbeldi milli félagsmálayfirvalda, heilbrigðisyfirvalda, menntamálayfirvalda og lögreglu auk þess að koma á fót samstarfsvettvangi stjórnvalda. Í tillögunni er lagt til að settar verði í lög skýrari forvirkar lagaheimildir til upplýsingamiðlunar þar sem allt samráð milli stofnana samfélagsins þurfi í dag að eiga sér stað með þátttöku og samþykki brotþola. Þá þurfi að gæta að því að slíkt samráð komi ekki í veg fyrir inngríp stjórnvalda í þeim tilvikum er barn verður vitni að heimilisofbeldi eða jafnvel sjálft verið þolandi þess. Að lokum segir í tillögunni að kanna þurfi hvort rýmka þurfi og skilgreina betur tilkynningarskyldu stjórnvalda, sem hafa afskipti af málum barna til barnaverndarnefndar. Þá sé markmið tillögunnar að kerfin tali betur saman.

Barnaverndarstofa fagnar því að lagt sé til að skoða með hvaða hætti umrædd kerfi geti miðlað upplýsingum sín á milli í heimilisofbeldismálum. Hér er um einstaklega viðkvæmar upplýsingar að ræða og því sérstaklega mikilvægt að vandað sé til verka í slíkri vinnu. Hér vegast á, annars vegar þau sjónarmið sem fjallað er um 71. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem fjallað er um friðhelgi einkalífs, heimilis og fjölskyldu og heimilda til þess að takamarka þá friðhelgi vegna réttinda annarra. Hins vegar þau sjónarmið sem fjallað er um í 3. mgr. 76. gr. stjórnarskrárinnar, þar sem fjallað er um rétt barna til verndar og þeirrar umönnunar sem velferð þeirra krefst.

Barnaverndarstofa bendir einnig á að ef í þeim tilvikum er ekki fæst samþykki foreldra fyrir miðlun upplýsinga til annarra kerfa þrátt fyrir að hagsmunir barnsins standi til þess að upplýsingum sé miðlað er í barnaverndarlögum nr. 80/2002 til staðar heimild í c-lið 26. gr. fyrir barnaverndarnefndir til þess að úrskurða um miðlun upplýsinga til lögreglu og annarra fagaðila sem starfa sinna vegna hafa afskipti af börnum og fjallað er um í ákvæðum 17. gr. og 18. gr. bvl. Enn fremur bendir stofan á að í 17. gr. bvl. kemur fram að hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málum barna eða þungaðra kvenna og verður var við aðstæður eins og lýst er í 16. gr. bvl. er skylt að tilkynna það barnaverndarnefnd. Í ákvæðinu er sérstaklega tekið fram að leikskólastjórum, leikskólakennurum, dagmæðrum, skólastjórum, kennurum, prestum, læknum, tannlæknum, ljósmæðrum, hjúkrunarfræðingum, sálfræðingum, félagsráðgjöfum, þroskaþjálfum, náms- og starfsráðgjöfum og þeim sem hafa með höndum félagslega þjónustu eða ráðgjöf sé skylt að fylgjast með hegðun, uppeldi og aðbúnaði barna eftir því sem við verður komið og gera barnaverndarnefnd viðvart ef ætla má að aðstæður barns séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. 16. gr. bvl., sem fjallar um tilkynningarskyldu til barnaverndarnefnda. Í lok ákvæðisins er svo tekið fram að tilkynningarskyldan gengur frammar ákvæðum laga og siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

Með hliðsjón af framangreindu bendir Barnaverndarstofa á að við mótnun nýs verklags við vinnslu heimilisofbeldismála er mikilvægt að nýta þær heimildir sem nú þegar eru til staðar í lögum. Stofan bendir einnig á mikilvægi þess að hver og ein eining innan kerfisins þekki þá tilkynningarskyldu sem kveðið er á um í barnaverndarlögum. Að mati stofunnar væri skynsamlegt að sérfræðingar sem á stofunni starfa kæmu að vinnu við mótnun verklagsins og býður hér með fram starfskrafta til verksins.

Barnaverndarstofa veitir allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis fúslega allar nánari upplýsingar og skýringar sem þörf er á verði óskað eftir því og er reiðubúin að mæta á fund nefndarinnar verði þess óskað.

Virðingarfyllst f.h. Barnaverndarstofu

Guðrún Þorleifsdóttir,  
lögfræðingur

Alþingi  
Nefndasvið  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. nóvember 2019.

**Efni: Umsögn við tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál. 150. Löggjafarþing 2019-2020. Þingskjal 116 - 116. mál.**

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) fagnar tillögu um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál. Í tillögunni er lagt til að mótuð verði tillaga um bætt verklag um miðlun upplýsinga um heimilisofbeldismál á milli kerfa félagsþjónustu sveitarfélaga, heilbrigðisstofnana, skóla og lögregluembættanna. Félagsráðgjafar eru ein þeirra lykilfagstétta sem starfa í félagsþjónustu, barnavernd og öðrum stofnunum sem mæta þolendum heimilisofbeldis.

Félagsráðgjafafélagið getur tekið undir margt sem kemur fram í fyrirleggjandi umsögnum Barnaverndarstofu, Kvennréttindasambands Íslands, Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar, Mosfellsbæjar, Persónuverndar og Samtaka um kvænnaathvarf. Heimilisofbeldi er alvarleg meinsemd í samfélaginu og snertir flesta þætti þess, því er mikilvægt að allar stofnanir samfélagsins leggi málinu lið. Aðgerðir stjórnvalda gegn heimilisofbeldi hafa skilað ýmsum úrbótum en þó er langt í land. Rannsóknir hér á landi sýna fram á að talsvert skorti á að fagfólk komi auga á heimilisofbeldi og upplifi oft óöryggi varðandi viðeigandi viðbrögð sjá t.d. rannsóknir á vegum félagsmálaráðuneytis sem birtar voru árið 2010. Ýmsar lagaheimildir eru til staðar er varða samstarf og tilkynningaskyldu til barnaverndarnefnda. Hins vegar þarf að efla fræðslu til starfsfólks stofnana í því skyni að auka þekkingu á tilkynningaskyldu til barnaverndarnefnda. Stofnanir þurfa jafnframt að útfæra verklag til að fara eftir þegar kemur að því að tilkynna.

Félagsráðgjafar hafa heildarsýn að leiðarljósi í vinnu sinni með fólki og leita leiða til þess að tengja saman þjónustukerfi og þannig ná fram aukinni skilvirkni í þjónustu með samstarfi og samþættingu þjónustu sem veitt er af ólíkum þjónustukerfum og stofnunum samfélagsins.

Félagsráðgjafafélag Íslands er tilbúið taka þátt í mótun verklags við vinnslu heimilisofbeldismála og mæta á fund alsherjar- og menntamálanefndarnefndar til að fylgja athugasemdum sínum eftir, sé þess óskað.

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. stjórnar Félagsráðgjafafélags Íslands

Steinunn Bergmann  
formaður



**KVENRÉTTINDAFÉLAG  
ÍSLANDS**  
STOFNAÐ 1907

4. nóvember 2019  
Hallveigarstöðum, Reykjavík

**Efni: Umsögn Kvenréttindafélags Íslands um tillögu til þingsályktunar um  
upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál. Þingskjal 116 - 116. mál, 150. löggjafarþing.**

Kvenréttindafélag Íslands hvetur Alþingi til að samþykkja tillögu til þingsályktunar um  
upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál.

Í tillögunni er dómsmálaráðherra falið að setja á fót starfshóp til að móta tillögur um bætt verklag  
um miðlun um heimilisofbeldismál á milli kerfa félagsþjónustu sveitarfélaga, heilbrigðisstofnana,  
skóla og lögregluembætta, þ.á.m. tillögur um rýmri lagaheimildir til miðlunar upplýsinga um  
heimilisofbeldi milli stofnana.

Heimilisofbeldi er rótgróinn vandi í íslensku samfélagi og við þurfum samstillt átak allra aðila til  
að uppræta þessa plágu. Góð samskipti milli þeirra stofnana og aðila sem vinna að  
málaflokknum er grundvöllur þess að við getum náð góðum árangri. Kvenréttindafélag Íslands  
hvetur því Alþingi til að samþykkja þessa tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um  
heimilisofbeldismál.

Brynhildur Heiðar- og Ómarsdóttir  
framkvæmdastýra Kvenréttindafélags Íslands



## Umsögn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál. Þingskjal 116 – 116. mál.

Tekið er undir þessa tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál.

### Rök:

Þegar fjallað er um þann árangur sem hefur náðst, að mati margra, í vinnu gegn heimilisofbeldi er oft vísað til þess að nýjar reglur ríkislögreglustjóra um skráningu og meðferð heimilisofbeldismála sem tóku gildi 2. des. 2014 hafi ráðið þar mestu um. Verklagsreglurnar voru og eru án nokkurs vafa afar mikilvægar í þessari vinnu en við endurskoðun þeirra var einkum litið til tilrauna- og samstarfsverkefnis á Suðurnesjum, **Að halda glugganum opnum**. Suðurnesjaverkefnið fól m.a. í sér samvinnu opinberra aðila á svæðinu.

Í janúar 2015 skrifuðu borgarstjóri Reykjavíkur og Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins undir samning um samstarf í heimilisofbeldismálum. Verkefnið kallast **Saman gegn ofbeldi** og er markmið þess að tryggja öryggi borgarbúa á heimilum sínum, veita þolendum og gerendum betri þjónustu og bæta stöðu barna sem búa við heimilisofbeldi. Að verkefninu standa Reykjavíkurborg og Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu í samvinnu við Kvennaathvarfið og Heilsugæsluna á höfuðborgarsvæðinu.

Í Reykjavík voru 208 útköll vegna heimilisofbeldis árið 2014 en útköllin voru 392 árið 2015. Aukningin var bæði vegna betri eða nákvæmari skráningar þar sem fleiri mál voru skráð sem heimilisofbeldismál og færri sem ágreiningur en jafnframt vegna þess að tiltrú almennings á stuðningi jókst vegna samvinnu þeirra sem koma að verkefninu.

Þegar fjöldi útkalla á hverja 1000 íbúa á árinu 2018 er rýndur kemur í ljós mikill munur eftir lögregluembættum. Mesti fjöldinn á hverja 1000 íbúa er á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum, sjá töflu 1. Verklagsreglur ríkislögreglustjóra hafa því einar og sér ekki orðið til þess að útköllum fjölgaði.

### Tafla 1. Fjöldi íbúa í hverju lögregluumdæmi 2018, fjöldi

**heimilisofbeldistilvika í umdæmunum sama ár og fjöldi útkalla á hverja 1000 íbúa**

	Fjöldi íbúa 2018 skv. Hagstofu Íslands	Fjöldi útkalla v/heimilisofb. 2018	Fjöldi á 1000 íbúa
Austurland	12.791	9	0,7
Höfuðborgarsvæðið	222.484	701	3,2
Norðurland eystra	30.453	41	1,3
Norðurland vestra	7.195	3	0,4
Suðurland	22.222	36	1,6
Suðurnes	25.770	54	2,1
Vestfirðir	6.994	6	0,9
Vestmannaeyjar	4.284	7	1,6
Vesturland	16.257	11	0,7
<b>Samtals</b>	<b>348.450</b>	<b>868</b>	

Þegar hlutfallsleg aukning útkalla er skoðuð milli árána 2014 annars vegar og 2015 hins vegar, sem er fyrsta heila árið sem unnið er eftir breyttum verklagsreglum lögreglustjóra, kemur einnig í ljós mikill munur á milli lögregluembættum, sjá töflu 2.

**Tafla 2. Fjöldi útkalla eftir lögreglustjóraembættum 2014 og 2015 og hlutfallsleg aukning/fækkun á milli þessara ára**

	Fjöldi útkalla vegnaheimilisofbeldis 2014	Fjöldi útkalla vegna heimilisofbeldis 2015	Hlutfallsleg aukning á milli 2014 og 2015
Austurland	6	6	0%
Höfuðborgarsvæðið	294	650	121%
Norðurland eystra	31	27	-13%
Norðurland vestra	4	6	50%
Suðurland	14	29	107%
Suðurnes	39	63	62%
Vestfirðir	11	9	-18%
Vestmannaeyjar	2	6	200%
Vesturland	12	11	-8%
<b>Samtals</b>	<b>413</b>	<b>807</b>	

Þessar upplýsingar eru vísbending um að meira þurfi til en breyttar verklagsreglur. Það þarf skýrt umboð til samvinnu og raunveruleg samvinna í þessum málaflokkum getur ekki átt sér stað nema með miðlun upplýsinga.

Í barnaverndarlögunum er kveðið á um tilkynningaskyldu lögreglu sem og þeirra sem vinna með börnum og almennings til barnverndar ef grunur leikur á ofbeldi eða vanrækslu í garð barns eða barna. Þar sem sýnt hefur verið fram á að ofbeldi sem börn búa við hefur sömu áhrif á þau og ef þau væru beitt ofbeldi sjálf, hefur verklagið í Reykjavík tekið mið af þeim veruleika. Ef börn sem eru skyld eða tengd brotþola eða geranda eru á vettvangi í útköllum vegna heimilisofbeldis, er starfsmaður barnaverndar kallaður til í þeim tilgangi að huga að barni og starfsmaður félagsþjónustu til að sinna brotþola.

Í verkefninu hefur einnig verið stuðst við lög um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40 frá 1991 en í grein 62. segir eftirfarandi:

Opinberir aðilar, [þ.m.t. stofnanir ríkisins], sem fást við verkefni eða reka stofnanir á sviði félagsþjónustu sveitarfélaga eða fara með verkefni sem tengjast henni, skulu hafa sem nánasta samvinnu bæði hvað varðar skipulag þjónustu og málefni einstakra skjólstæðinga.

Þrátt fyrir þessar lagasetningar og þær heimildir sem lögreglan hefur í lögum til að miðla upplýsingum vantar skýrari ákvæði í lögum um heimildir lögreglu, félagsmálayfirvalda, heilbrigðisstofnana og skólamálayfirvalda til að miðla upplýsingum sín á milli í heimilisofbeldismálum í því augnamiði að bæta þjónustu við brotþola og börn. Gerendur í heimilisofbeldismálum í Reykjavík árið 2018 voru í 64% tilvika maki eða fyrrverandi maki skv. tölfræði sem lögreglan á höfuðborgarsvæðinu safnar og skv. þeirri tölfræði sem Reykjavíkurborg safnar eru gerendur í 84% tilvika karlmenn og í 16% tilvika konur.

Brotþolar eru vegna náinna tengsla við gerendur í afar viðkvæmri stöðu og þarfnast stuðnings og samvinnu þeirra stofnana sem geta veitt hann.

Í umræddri tillögu til þingsályktunar er jafnframt lagt til að komið verði á samstarfsvettvangi stjórnvalda. Tekið er undir mikilvægi þess að til sé samráðshópur eða þróunarhópur á vegum stjórnvalda. Þessi hópur ætti m.a. að hafa það hlutverk að þróa verklag, koma með tillögur að úrbótum, kalla eftir skýrum lagatúlkunum, kynna mögulegar nýjungar, skilgreina hvaða rannsóknir er mikilvægt að gera og halda á lofti leiðum sem hafa virkað. Þetta er brýnt og ætti að styðja við nauðsynlegt samstarf opinberra aðila innan hvers lögregluumdæmis sem kallar á skýrar heimildir til upplýsingamiðlunar enda allt starfsfólk í þeim störfum sem um ræðir bundið þagnareyði.

Halldóra Dýrleifar Gunnarsdóttir

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar

Alþingi  
b.t. velferðarnefndar  
Kirkjustræti

101 Reykjavík

Mosfellsbæ, 15. nóvember 2019  
Erindi 201910174/50.13 uvi

**Efni: Umsögn Mosfellsbæjar um tillögu til þingsályktunar um  
upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, mál 116.**

Bæjarráð Mosfellsbæjar 1421. fundur 14. nóvember 2019 tók til umfjöllunar erindi velferðarnefndar, tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, mál 116.

Í tillögunni er lagt til að dómsmálaráðherra verði falið að setja á fót starfshóp sem verði falið að móta tillögur um bætt verklag um miðlun um heimilisofbeldismál milli kerfa félagsþjónustu sveitarfélaga, heilbrigðisstofnana, skóla og lögregluembætta. Hópnum verði falið að móta tillögur um rýmri lagaheimildir til miðlunar upplýsinga um heimilisofbeldi milli fyrrgreindra aðila.

Fyrir liggur umsögn Barnaverndarstofu dags. 5. nóvember 2019. Bæjarráð Mosfellsbæjar tekur undir sjónarmið sem fram koma í umsögn stofunnar um að ástæða sé til þess að fagna því að lagt sé til að skoða verið með hvaða hætti umrædd kerfi geti miðlað upplýsingum sín á milli í heimilisofbeldismálum.

Virðingarfyllst,

Unnur V. Ingólfssdóttir  
framkvæmdastjóri fjölskyldusviðs





Alþingi  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. nóvember 2019  
Tilvísun: 2019101912/GIÁ

### **Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál**

Persónuvernd vísar til beiðni allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis frá 11. október 2019 um umsögn um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál (þskj. 116, 116. mál á 150. löggjafarþingi).

Með þingsályktunartillögunni er lagt til að dómsmálaráðherra verði falið að setja á fót starfshóp sem verði falið að móta tillögur um bætt verklag við miðlun upplýsinga um heimilisofbeldismál milli kerfa félagsþjónustu sveitarfélaga, heilbrigðisstofnana, skóla og lögregluembætta. Starfshópurinn á meðal annars að móta tillögur um rýmri lagaheimildir til miðlunar upplýsinga, þ. á m. með forvirkum lagaheimildum til upplýsingamiðlunar.

Í 71. gr. stjórnarskrárinnar og 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sem lögfestur var með lögum nr. 62/1994, er mælt fyrir um réttinn til friðhelgi einkalífs og skilyrði þess að hann sé takmarkaður. Þau skilyrði eru ströng og þarf brýna nauðsyn að bera til skerðingar á honum vegna réttinda annarra.

Persónuvernd bendir á nauðsyn þess að gætt sé að ákvæðum laga nr. 90/2018, um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, við þá vinnslu persónuupplýsinga sem hér um ræðir, og að við undirbúning tillagna um rýmri lagaheimildir til miðlunar upplýsinga verði sérstaklega hugað að þeim kröfum sem gera verður til slíkra lagaheimilda samkvæmt persónuverndarlögum og reglugerð (ESB) 2016/679 (almennu persónuverndarreglugerðinni).

Í 3. mgr. 6. gr. reglugerðar (ESB) 2016/679 segir að þegar vinnsla fari fram á grundvelli lagaheimildar skuli í þeim lögum mæla fyrir um tilgang vinnslunnar. Einnig segir að í lögnum skuli m.a. tilgreina almenn skilyrði varðandi lögmæta vinnslu ábyrgðaraðilans, tegund gagna sem vinnslan varðar, hlutaðeigandi skráða einstaklinga, hvaða stofnanir megi fá persónuupplýsingar í hendur og í hvaða tilgangi. Í því samhengi er bent á að sem endranær gildir það viðmið að eftir því sem vinnslan hefur í för með sér meiri íhlutun í einkalíf hinna skráðu, þeim mun ótvíræðari verða slík lagaákvæði að vera, sbr. t.d. athugasemdir við 2. tölul. 11. gr. í frumvarpi því sem varð að lögum nr. 90/2018.



Þá er áréttað að öll vinnsla persónuupplýsinga þarf jafnframt að samrýmast grunnreglum persónuverndar, s.s. um sanngirni og meðalhóf, sbr. 1. og 3. tölul. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, auk þess sem huga þyrfti að því að tryggja fullnægjandi öryggi við vinnsluna, þar á meðal í tengslum við miðlun upplýsinga á milli aðila.

Að því marki sem í lagafrumvarpi á grundvelli þingsályktunartillögunnar yrði að finna ákvæði, sem varða myndu vinnslu persónuupplýsinga, myndi stofnunin veita efnislega umsögn um þau. Að öðru leyti eru ekki gerðar athugasemdir við þingsályktunartillöguna.

F.h. Persónuverndar,

  
Helga Þórisdóttir

  
Helga Sigríður Þórhallsdóttir



Nefndarsvið Alþingis  
Allsherjar- og menntamálanefnd  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 13. nóvember 2019

**Efni: Umsögn Samtaka um kvennaathvarf um tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál. Þingskjal nr. 116 – 116. mál. lþ. 150**

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis hefur sent Samtökum um kvennaathvarf til umsagnar tillögu til þingsályktunar um upplýsingamiðlun um heimilisofbeldismál, mál 116.


Með tillögunni er dómsmálaráðherra falið að setja á fót starfshóp sem verði falið að móta tillögur um bætt verklag um miðlun um heimilisofbeldismál á milli kerfa félagsþjónustu sveitarfélaga, heilbrigðisstofnana, skóla og lögregluembættu. Starfshópnum verði falið m.a. að móta tillögur um rýmri lagaheimildir til miðlunar upplýsinga og koma á fót samstarfsvettvangi stjórnvalda.

Fram kemur í greinargerð með tillögunni að verklagsreglur ríkislögreglustjóra hafa tryggt samstarf lögreglu við önnur stjórnvöld en það samstarf þarf að formast í hina áttina þ.e. frá félagsmálayfirvöldum, heilbrigðisyfirvöldum og menntastofnunum til lögreglu. Til þess að svo megi verða þarf skýrar forvirkar lagaheimildir.

Samtök um kvennaathvarf fagna tillögunni og telja að allt upplýsingaflæði milli kerfa með samþykki þolenda eða með hagnuni barna að leiðarljósi verði til þess að auðveldara verði að uppræta heimilisofbeldi og telja tillöguna stuðla að því að þolendur heimilisofbeldis fái fyrr og frekar aðstoð sem geti svo stuðlað að því að þolendur komist út úr ofbeldissamböndum. Í kvennaathvarfinu sjáum við á hverjum degi að skortur á upplýsingaflæði kemur niður á þolendum heimilisofbeldis og ekki síst börnunum.

Samtök um kvennaathvarf hvetja þingmenn til þess að samþykkja tillöguna.

Virðingafyllst, f.h. Samtaka um kvennaathvarf

  
Elva Dögg Ásudóttir Kristinsdóttir,  
lögfræðingur